



Gerpla með 10 Bikarmeistararitla af 16 í boði

Helgina 6.-8.mars fór fram Bikarmótið í áhaldafimleikum og var vitað fyrir mótið að það yrði hörð keppni bæði í karla og kvennaflokki milli liðs Ármanns og Gerplu. Lið Ármanns var með forustu til að byrja með í karla keppninni en lið Gerplu hélt sínu striki og með þrautseigju og einbeitingu kláraði sínar æfingar og enduðu sem sigurvegarar. Karlaliði Gerplu endurheiti þar með tiltilinn úr höndum Ármanns. Sama saga var í kvenna keppninni og er greinilegt að breiddin er að aukast í íslenskum fimleikum en svo fór að Ármanns liðið landaði sigri í fyrsta sinn í 10 ár. Gerpla vann einnig 7 af 10 Bikartitlum í yngri flokkum pilta og stúlkna. Félagið sigraði í eftirfarandi þrepum: 2.þrep kvenna, 3.þrep kvenna, 4.þrep kvenna & 5.þrep kvenna. 1.þrep drengja, 2.þrep drengja & 4.þrep drengja.

Helgina 14.-15.mars fór svo fram Bikarmótið í hóp-fimleikum og var mikil spenna fyrirfram þar sem Stjörnustúlkur unnu Gerplustúlkur í fyrsta sinn í 9 ár, á Wow-móti Fimleikasambands Íslands tveimur vikum áður. Eftir hörku keppni og mikla spennu fram í lokaumferð stóðu Gerplstúlkur uppi sem sigurvegarar og fagna því Bikarmeistaratitlinum 10 árið í röð. Einnig var Gerpla Bikarmeistari karla en þeir voru að gera margar nýjar erfiðar æfingar og gaman er að sjá að drengjum í íþróttinni er að fjölga.



Félagið átti þáttakendur í 14 flokkum af þeim 16 sem keppt var í á bikarmótunum í áhald- og hóp-fimleikum. Skemmtilegasti þátturinn er þó sú mikla breidd og fjöldi þátttökuliða í hverjum flokki frá félaginu og B og C lið félagsins voru í mörgum tilfellum að fá verðlaun fyrir sína frammistöðu. Framtíð félagsins er því sannarlega björt.



Viðburðir framundan:

- Íslandsmótið Í áhaldafimleikum 20.-22.mars í Ármanni í Laugarbóli
- Íslandsmótið í þrepum 27.-29.mars í Ármanni í Laugarbóli

Hrós vikunnar:

Fá frábærir Gerplu stuðningsmenn sem lögðu leið sína í Hafnafjörð og Selfoss að styðja okkar keppendur á Bikarmótunum. Takk fyrir ómetanlegan stuðning!